



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## SAMÚÐARKVEDJA TIL FORSETA FILIPPSEYJA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í dag þriðjudaginn 12. nóvember samúðarkveðju til forseta Filippseyja, Benigno Aquino, vegna hrikalegrar eyðileggingar af völdum fellibylsins Haiyan. Þúsundir hafa látið lífið og fjöldi á um sárt að binda; börn og fjölskyldur glíma við mikinn harm.

Í kveðjunni minnti forseti á orð fulltrúa Filippseyja á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi sem sagði að þessir átakanlegu atburðir verði vonandi til þess að hvetja heimsbyggðina til aðgerða sem komið gætu í veg fyrir afdrifaríkar breytingar á loftslagi jarðar en aukin tíðni fellibylja eigi rætur að rekja til þeirra.

Hugur Íslendinga og hins öflugra samfélags fólks frá Filippseyjum á Íslandi er hjá íbúum Filippseyja á þessum erfiðu tímum.

*12. nóvember 2013*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*